



MOTOmed®
hreyfðu þig á annan hátt


Notkunarleiddbeiningar

MOTOmed® loop.l
loop.a
loop.la




RECK
lækningatækni





loop.la



loop.l



loop.a



- en Please use the MOTOmed only after you have read the instruction manual.
If you should not understand the language of the present version, please request the instruction manual in your national language.
- de Benutzen Sie das MOTOmed erst, nachdem Sie die Gebrauchsanweisung gelesen haben.
Sollten Sie die vorliegende Sprachversion nicht verstehen, fordern Sie bitte eine Anleitung in Ihrer Landessprache an.
- is Vinsamlegast notið MOTOmed-tækið eingöngu eftir að hafa lesið notendahandbókina.
Ef þú skilur ekki tungumál núverandi útgáfu, vinsamlegast biðjið um notendahandbókina á ykkar eigin tungumáli.
- fr Avant de commencer votre entraînement MOTOmed, veuillez lire les instructions d'utilisation. Si ces instructions d'utilisation ne correspondent pas à votre langue, n'hésitez pas à nous demander une autre traduction.
- es Utilice el MOTOmed sólo después de haber leído las instrucciones de uso.
Si no entiende el idioma de la presente versión, por favor exija un manual en su lengua nacional.
- pt Use o MOTOmed somente, depois de ter lido as instruções de operação.
Em caso que você não compreenda a língua desta instrução, peça por favor uma orientação em sua língua nacional.
- it Per un ottimo funzionamento del MOTOmed leggere le istruzioni per l'uso.
Se riscontrate qualche difficoltà riguardo la vostra lingua madre consultate il vostro servizio assistenza.
- nl Neem uw MOTOmed pas in gebruik nadat u de gebruiksaanwijzing hebt gelezen. Indien de gebruiksaanwijzing niet overeenstemt met uw moedertaal, aarzel dan niet ons te contacteren en een andere taalversie aan te vragen.
- sv Använd MOTOmeden endast, efter du har läst fungerande anvisningen.
Om dig bör inte förstå den tillgängliga språkversionen, förfrågan var god a vägledning i ditt nationella språk.
- da MOTOmed må først anvendes, når brugsanvisningen er gennemlæst.
Forstår du ikke vedlagte brugsanvisning, rekvirer en dansk vejledning hos ProTerapi.
- pl Przed skorzystaniem z urządzenia MOTOmed prosimy zapoznać się z instrukcją obsługi.
Jeśli instrukcja obsługi jest napisana w języku obcym ządajcie Państwo instrukcji w języku przez Państwa znanym.

fallett, þægilegt og snjallt ...

Hjartanlega til hamingju! Með því að festa kaup á MOTOmed-tækinu hefur þú tekið heillavænlega ákvörðun. Þetta hreyfimeðferðartæki býður upp á fyrsta flokks frammistöðu. Tækið býr yfir nýjustu tölvutækni og er framsækin hágæðavara frá RECK fyrirtækinu, „Made in Germany“.

MOTOmed-tækið er vélrænt hreyfimeðferðartæki sem hugsar með þér. Njóttu daglegrar meðferðar sem skilar góðum árangri.

Þessar notkunarleiðbeiningar hjálpa þér að kynnast MOTOmed-tækinu þínu. Þær leiða þig á öruggan hátt í gegnum virkni og notkun og gefa þér fjölmargar ráðleggingar og upplýsingar fyrir bestu mögulegu notkun nýja hreyfimeðferðartækisins þíns. Vinsamlegast lesið vandlega
blaðsíða 11 yfir *varúðarráðstafanir* í kafla 2 áður en áður en MOTOmed-tækið er gangsett

blaðsíða 69 Ef þú hefur frekari spurningar eða athugasemdir er hæfa MOTOmed-ráðgjafateymi fyrirtækisins RECK ávallt til þjónustu reiðubúið.

Við óskum þér mikillar hamingju og hreyfingar með MOTOmed-tækinu.

	Inngangur	1
11	Varúðarráðstafanir	2
19	Sjónræn skoðun	3
25	Uppsetning, flutningur	4
31	Notkun	5
47	Fylgihlutir	6
55	Bilanagreining	7
59	Viðhald, hreinsun, endurnotkun, endurvinnsla	8
61	Tæknilegar upplýsingar, tákni	9
67	Ábyrgð	10
69	Þjónusta	11
71	Ráðleggingar um rafsegulviðssamhæfi	12
77	Efnisskrá	13

- 6 **Upplýsingar um þessa notendahandbók**
- 7 **Ætluð notkun**
- 7 **Viðurkennd notkun**
- 8 **Riftunarákvæði**
- 8 **Markmið þjálfunar**
- 9 **Ábendingar (Sjúkdómar)**
- 9 **Frábendingar**
- 10 **Neikvæðar aukaverkanir**
- 10 **Alvarlegt atvik**

Upplýsingar um þessa notendahandbók

Lesið þessa notendahandbók vandlega áður en tækið er notað í fyrsta skipti og veitið eftirtöldum atriðum athygli. Geymið þessa notendahandbók fyrir áframhaldandi notkun.

Notkunarleiðbeiningarnar í þessari notendahandbók gilda fyrir öll MOTOmed loop vöruafbrigði:

MOTOmed loop.l	vörunr. 260.010
MOTOmed loop.a	vörunr. 260.020
MOTOmed loop.la	vörunr. 260.030
MOTOmed loop.la prof	vörunr. 260 039
MOTOmed loop p.l	vörunr. 260.040
MOTOmed loop p.la	vörunr. 260.060
MOTOmed loop light.l	vörunr. 260.100
MOTOmed loop light.a	vörunr. 260.110
MOTOmed loop light.la	vörunr. 260.120
MOTOmed loop kidz.l	vörunr. 260.070
MOTOmed loop kidz.a	vörunr. 260.080
MOTOmed loop kidz.la	vörunr. 260.090

Þessi handbók inniheldur öryggisupplýsingar sem hjálpa þér að bera kennsl á og forðast hættur.

Tvö viðvörunarorð og tilheyrandi tákn beina athygli að mögulegum hættum:

VIÐVÖRUN



Varar við mögulegri hættu með miðlungsáhættu, sem gæti valdið dauða eða (alvarlegum) meiðslum ef ekkert er gert til að koma í veg fyrir hana.

VARÚÐ



Varar við mögulegri hættu með lágmarksáhættu sem gæti valdið lítilsháttar meiðslum á fólki eða skemmdum á hlutum ef ekkert er gert til að koma í veg fyrir hana. Gæti einnig verið notað til að vara við skemmdum á hlutum.

Eftirfarandi tákn vísa til viðbótarupplýsinga eða nánari upplýsinga:



Viðbótarupplýsingar um notkun MOTOMed-tækisins, sem og um notkun aukabúnaðar og MOTOMed-hugbúnaðar.

blaðsíða 77 Tilvísun í nánari upplýsinga eða skýringarmyndir á öðrum stað (hér t.d. á blaðsíðu. 77).

Ætluð notkun

MOTOMed-tækið er eingöngu ætlað fyrir hlutlausar, aðstoðaðar og virkar hreyfingar efri og neðri útlíma sitjandi aðila. Á meðan á notkun stendur er hægt að stjórna MOTOMed-tækinu í gegnum stjórnborð. MOTOMed-tækið er færanlegt og þar af leiðandi er hægt að nota það á mismunandi staðsetningum.

Viðurkennd notkun

Notandinn þjálfar í öruggum og stöðugum hjólastól eða á stöðugum og traustum stól (án hjóla), með nægilega háu stólbaki, fyrir framan meðferðartækið.

Notandinn verður að vera í sitjandi stöðu og hjólastóllinn eða stóllinn má ekki hallast aftur á bak.

MOTOMed-tækið verður að standa á jöfnu og traustu yfirborði.

Almennar upplýsingar

Notkun á MOTOMed-tækinu er eingöngu leyfð ef farið er eftir leiðbeiningum og öryggisleiðbeiningum sem fram koma í þessari notendahandbók og ef hvorki sjúkraþjálfari né læknir tilgreinir frábendingar.

Stillingar og breytingar eru eingöngu leyfðar ef handsveifar og fótstig eru ekki á hreyfingu og handleggir og fótleggir eru ekki á þeim eða fest við þau.

MOTMed-tækið er hentugt til notkunar á heilbrigðisstofnunum og við heilbrigðisþjónustu heima fyrir.

Riftunarákvæði

Framleiðandinn og dreifingaraðilar hans taka enga ábyrgð á afleiðingum:

- óviðeigandi, rangrar og ófyrirsjáanlegrar notkunar
- skeytingarleysis gagnvart upplýsingum þessarar notendahandbókar
- vísitandi skemmda eða grófrar vanrækslu
- ofþjálfunar t.d fyrir afreksíþróttir
- notkunar óviðeigandi hjólastóla eða stóla
- notkunar sem brýtur í bága við fyrirmæli sérfræðings eða sjúkráþjálfara
- uppsetningar ósamþykktra fylgihluta
- viðgerða eða annarra aðgerða aðila sem ekki hafa leyfi frá framleiðandanum.
- notkunar rafmagnssnúru sem kemur ekki frá framleiðandanum við notkun MOTMed-tækisins

Markmið þjálfunar

Að komast hjá, takmarka eða bæta skaða (fylgikvilla) vegna skertrar hreyfigetu eða hreyfingarleysis sem orsakast aðallega af eftirfarandi ábendingum:

Ábendingar (Sjúkdómar)

- (Krampa-) lömunarsjúkdómar eða tauga- og vöðvasjúkdómar með meiriháttar tapi á hreyfigetu fótleggja (handleggja) (t.d. sem afleiðing heilablóðfalls, heila- og mænusiggs, þverlömunar, heilkenna eftirstöðva lömunarveiki, parkinsonsjúkdóms, heilaáverka, meðfæddrar heilalömunar, heilalömunar, hrygggraufar)
- Bæklunarvandamál eins og liðagigt, slitgigt, hné- eða mjaðmaskipti, ástandi eftir liðhlykisliðbandameiðsl
- Hjarta-, æða- og efnaskiptasjúkdómar (t.d. æðakölkun, insúlínóháð sykursýki (týpa 2), háþrýstingur, útslagæðasjúkdómur, beinþynning)
- Viðbætur við meðferðarúrræði t.d. hjá skyljunarsjúklingum, langvinnnum lungnasjúkdómasjúklingum og sjúklingum með mjög litlaalmenna líkamlega afkastagetu
- Blóðrásarsjúkdómar beina og líffæra
- Aðrir sjúkdómar sem leiða til skertrar hreyfigetu og rúmlegu

Frábendingar

sem leiddu til útilokunar eins þátttakanda úr þeim rannsóknum sem gerðar voru komu ekki fram í klínisku mati.

Innan ramma áhættugreiningar og margra ára reynslu á sviði hreyfimeðferðartækja verður að hafa samráð við lækni og sjúkráþjálfara varðandi eftirfarandi frábendingar áður en þjálfun hefst: Nýleg liðamótameiðsl, nýlegar aðgerðir í sambandi við liðaskipti / gervilími, nýleg krossbandameiðsl, nýlega innsetningu gerviliða í hné og mjöðm, alvarlega slitgigt í hjám og mjöðmum, stífa liði, mikla vöðvastyttingu, hættu á liðhlaupi mjaðma og axla (t.d. hlutaliðhlaup axlar), bráðan blóðtappa, þrýstingssár og mjög alvarleg tilvik beinþynningar.

Neikvæðar aukaverkanir

Þjálfun með MOTMed-hreyfimeðferðartækinu hefur ekki leitt af sér **neinar alvarlegar aukaverkanir** sem vitað er um.

Ráðleggingar um eftirstandandi áhættur:

Meginhugtak MOTMed-hreyfimeðferðartækisins byggir á virkni rafmagnsvéla sem knýja sveifar handleggja- og fótaþjálfarans með mældu afli. Rafmagns- og notkunaröryggi er tryggt af framleiðanda með alhliða ráðstöfunum svo að ef öllum öryggisleiðbeiningum er framfylgt er eftirstandandi áhætta af MOTMed-tækinu lítilsháttar.

Hins vegar er nauðsynlegt að vera algjörlega meðvitaður um að sveifarnar sem snúast gætu valdið meiðslum við vangá, ef öryggisleiðbeiningar eru virtar að vettugi eða við ranga notkun MOTMed-tækisins.

Í tilvikum notenda sem ekki geta farið eftir öryggisleiðbeiningum sjálfir, eða borið kennsl á og forðast hættulegar aðstæður, verður þjálfun að fara fram undir faglegu eftirliti.

Alvarlegt atvik

Leiðbeiningar samkvæmt tilskipun (ESB) 2017/745:

Ef upp kemur alvarlegt atvik sem varðar vöruna beint eða óbeint eða ef slíkt atvik gæti hafa komið upp (t.d. tímabundinn eða langvarandi alvarlegur heilsubrestur hjá notanda/sjúklingi) þarf að tilkynna það tafarlaust til framleiðandans (vigilance@motmed.com) svo og til viðkomandi yfirvalda þess aðildarríkis þar sem notandinn og/eða sjúklingurinn er búsettur.



blaðsíða 11

Við notkun MOTMed-tækisins verður að veita varúðarráðstöfunum í kafla 2 góða eftirtekt.

Almennar ráðleggingar

Þjálfunin með MOTMed-tækinu verður að vera í samræmi við heilsufarsástand einstaklings. Þjálfunarráðleggingar frá framleiðanda eða dreifingaraðilum hans eru skuldbindingalausar. Ekki er mögulegt að tilgreina nákvæmlega hvernig nota skal MOTMed-tækið í ýmsum sjúkdómstilvikum. Þetta á einnig við um upplýsingar um þjálfunarstillingar þar sem mögulegar stillingar þeirra fara eftir aldri, hæð, heilsufarsástandi, álagsþoli eftir skurðaðgerðir og almennu hreysti notandans.

Fyrsta notkun MOTMed-tækisins verður ávallt að fara fram undir eftirliti og samkvæmt leiðbeiningum fagaðila. Fyrir fyrstu þjálfun skal ákveða tegund, eðli, styrk og lengd þjálfunar í samráði við lækni og sjúkraþjálfara. Við upphaf þjálfunar skal einnig athuga forstillingar valinna þjálfunarkerfa MOTMed-tækisins.

Gakktu úr skugga um að notandinn skilji virkni MOTMed-tækisins og hvernig eigi að stjórna því og geti náð til, stjórnað og slökkt á MOTMed-tækinu á stjórneiningunni á meðan á þjálfun stendur (sérstaklega við þjálfun handleggja / efrri hluta líkamans með framhandleggshvilum).

Að öðrum kosti skal hvorki þjálfna né setja fætur eða handleggja á eða taka þá af tækinu án eftirlits. Í þessu tilviki er skilyrt að annar einstaklingur annist eftirlit.

Óviðkomandi einstaklingum (gestum, aðstoðarmönnum o.s.frv.) er óheimilt að gera nokkrar breytingar á hjólastólnum, stólnum eða MOTMed-tækinu á meðan á þjálfun stendur.

Dragðu úr snúningshraða eftir að tækið hefur verið sett í gang ef heilsufarsástand notandans leyfir ekki MOTMed-þjálfun með hámarks snúningshraða upp á 20 snún./mín.

Handföngin / fótstigin og kálfahvilur fótleggjabeinis mega almennt séð komast í snertingu við óskaddaða húð.

Við notkun festingarbanda skal klæðast sokkum og / eða skóm, síðum buxum eða svipuðum klæðnaði. Sé það gert, hindrar það beina snertingu húðarinnar við fótstigin / festingarböndin og kemur í veg fyrir marbletti, húðertingu eða skrámur.

Ef hætta er á húðskrámunum, marblettum eða öðrum meiðslum vegna sjúkdóms, fótstöðu og stillingu fótleggjabeinisins er ekki mælt með þjálfun. Í því tilviki þarf notandinn að gera viðeigandi varúðarráðstafanir (notast við púða o.s.frv.) í samráði við lækni eða sjúkráþjálfara.

Ef um opin sár er að ræða eða hættu á þrýstingssári (t.d. vegna viðkvæmrar uppbyggingar vefja eða húðar), sérstaklega á líkamsstöðum sem komast í snertingu við meðferðartækið, er MOTMed-þjálfun einungis möguleg eftir samráð við lækni og sjúkráþjálfara eða á eigin ábyrgð. Framleiðandi tækisins ber enga ábyrgð á meiðslum sem hljóttast af þegar brotið er í bága við þessar leiðbeiningar.

Aukin heilsufarsáhætta getur skapast undir áhrifum áfengis, eiturlyfja eða lyfja. Í því tilviki er ekki mælt með notkun MOTMed-tækisins. Í tilviki sársauka, ógleði, blóðrásarvandamála o.s.frv. skal þegar í stað stöðva þjálfun og hafa samband við lækni. Framleiðandinn og söluaðilar hans taka enga ábyrgð í tilviki rangar eða of ákafrar notkunar notandans.

Setjið fæturna á öryggisfótstigin einungis í sitjandi stöðu. Stigið ekki á fótstigin með fullum líkamspunga í standandi stöðu. Setjið aldrei meiri þunga en 25 kg (við 7 cm fótstigsradíus) á hvorn fetil fyrir sig.

Einnarhliðarþjálfun, þar sem aðeins einn fótleggur eða handleggur er notaður eða þegar mikill þyngdarmunur er á milli útlíma, skal í upphafi fara fram undir eftirliti umönnunaraðila. Framkvæmið einnarhliðarþjálfun einungis við mikið hemlaviðnám eða með því að nota mótþyngd sem framleiðandi hefur tilgreint í þessum tilgangi.

Þjálfun handleggja / efri líkama

Ef einungis skal framkvæma þjálfun handleggja / efri líkama, takið fætur af öryggisfótstigum og setjið þá að gólfið eða á fótstigin á hjólastólnum.

Varúðarrástafanir fyrir kraftmælingar efri útlíma:

Hjá börnum er styrkleiki beina tiltölulega lágur þannig að beinbrot eða svokölluð teinungsbrot (ófullkomin beinbrot) geta auðveldlega átt sér stað. Til að koma í veg fyrir slík meiðsl, gangið úr skugga um að úlnliðurinn sé vel studdur á meðan á kraftmælingum efri útlíma stendur.

Gangið úr skugga um að handa-, úlnliðs- og handleggjastillingar séu í samræmi við ráðleggingar lækningastofunnar þinnar.

Gangið einnig úr skugga um að barnið sitji í uppréttri stöðu og hafi hreyfiþjálfarann fyrir augum og að ekki sé snúið upp á framhandlegg og úlnlið.

Ef rétt tenging við MOTMed-tækið er ekki ljós eða ef spurningar koma upp, vinsamlegast hafið samband við tengiliði okkar í

blaðsíða 69 þjónustumiðstöðinni.

Öryggis- og tæknilegar ráðleggingar

MOTMed-tækið er mjög sérhæft hreyfimeðferðartæki sem ekki er hannað til notkunar við þjálfun afreksíþrotta eða til sjúkdómsgreininga. Í þeim tilgangi mælum við með notkun viðurkenndra og kvarðaðra kraftmælitækja eða hlaupabretta.

Mæligildin sem hér eru sýnd sýna eingöngu meginstefnuna eða sálfræðilega endurgjöf ætlaða notandanum. Nákvæmnismörk eru ekki gefin upp út frá þeim.

blaðsíða 71 Sem lækningatæki er MOTMed-tækið háð sérstökum varúðarráðstöfunum varðandi rafsegulviðssamhæfi. Við uppsetningu og notkun skal því fylgja ráðleggingunum um rafsegulviðssamhæfi.

Börn mega ekki stunda þjálfun á MOTMed-tækinu án eftirlits. Haldið eftirlitslausum börnum frá MOTMed-tækinu.

Haldið dýrum frá MOTMed-tækinu til að koma í veg fyrir meiðsl á dýrunum.

Ákveðnir rafmagnshjólástólar, standhjólástólar, íþróttahjólástólar o.s.frv. með fyrirferðamiklum framparti eða fótstigum sem ekki er hægt að fella saman eða fjarlægja gætu verið óviðeigandi eða gætu þarfnast sérstaks lítils, flats tækisstands sem hægt er að keyra yfir.

Þjálfði eingöngu þegar kveikt er á MOTMed-tækinu. Notið MOTMed-tæki ekki í standandi stöðu.

Breytið hvorki stöðu né staðsetningu MOTMed-tækisins á meðan á þjálfun stendur eða á meðan fótleggir eða handleggir eru festir við tækið.

VARÚÐ**Hætta á meiðslum vegna þess að tækið veltur um koll**

Flutningshandfangið er einungis ætlað til flutnings á tækinu og er ekki hannað sem stuðningur.

Beitið ekki hliðlegu aflri á MOTMed-tækið. Beitið ekki fullri eða hluta af líkamsþyngd á hand- og haldföngin (t.d. þegar verið er að styðjast við tækið eða hífa sig upp). Hand- og haldföngin eru eingöngu ætluð til að halda sér í á meðan á þjálfun stendur

VARÚÐ**Hætta á meiðslum vegna fetilsveifa sem snúast og íhluta á hreyfingu.**

Framkvæmið ekki neinar vélrænar stillingar (fótstigsradíus, hæðarstillingar hand- og haldfanga eða þjálfara handleggja / efri líkama o.s.frv.) á MOTMed-tækinu á meðan fetilsveifarnar snúast. Veitið einnig sveifunum sem snúast athygli við notkun hnappa á stjórnborði.

Varist að setja fingurna á milli húss og fetilsveifa á meðan þær snúast. Grípið aldrei í hluti sem eru á hreyfingu!

Gangið úr skugga um að fótleggir, sem komið hefur verið fyrir á tækinu, geti ekki rekist í handföngin áður er tækið er sett í gang.



Við skiptingu fótstigsradíuss gætu afl eða eiginleikar breyst.



Ef MOTMed-tækið stöðvast ekki þegar stutt er á rauða stopp-hnappinn eða straumrofann, dragið tafarlaust úr hraðanum niður í 1 snún./min. og ljúkið þjálfun eða takið rafmagnssnúruna úr sambandi. Eingöngu er hægt að hefja þjálfun aftur ef bilunin hefur verið lagfærð.



Hreyfanleg eða færanleg hátíðnifjarskiptatæki eins og t.d. farsímar eða áhugamannaútværpsstöðvar gætu haft áhrif á virkni MOTMed-tækisins. Slík tæki eru merkt með tákni sem sýnt er hér til hliðar og þannig er hægt að bera kennsl á þau.

VARÚÐ



Hætta á ofhitnun íhluta hússins.

Ef sól skín stöðugt á tækið gætu íhlutir hússins ofhitnað. Komið þess vegna MOTOmed-tækinu fyrir á viðeigandi stað.



Yfirborðshiti stjórnborðshússins er allt að 13°C hærra en umhverfishiti sökum hitans sem raftækin gefa frá sér. Við hæsta leyfilega umhverfishita (40°C) gætu stjórnborðshnapparnir þar af leiðandi farið upp í allt að 53°C hita, jafnvel án beinnar sólargeislunar. Notendur sem gætu orðið fyrir skaða skyldu þeir komast í snögga snertingu við slíkan hita ættu að gera viðeigandi varúðarráðstafanir.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á vél eða raftækjum

Ýtið ekki virkt á móti hlutlausum snúningsshreyfingum.

VIÐVÖRUN



Hætta á meiðslum vegna rafstuðs

Notið aldrei MOTOmed-tækið þegar klæðning hefur verið fjarlægð. Opnið aldrei húsið og stingið máhlutum í gegnum MOTOmed-tækið. Einungis aðilum sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun er heimilt að opna MOTOmed-tækið. Áður en MOTOmed-tækið er opnað verður skilyrðislaust að taka rafmagnsklónna úr innstungunni. Notið MOTOmed-tækið aldrei í blautu eða röku umhverfi. MOTOmed-tækið má hvorki komast í snertingu við vatn né raka. Ef hlutur eða vökvi skyldi komast inn í MOTOmed-tækið verður að láta hæfan fagaðila yfirfara það áður en áframhaldandi notkun fer fram.

Sjáið til þess að engin olía komist inn í drifkerfisíhluti.

Leyfið einungis standsetningu sem framkvæmd er af eða undir leiðbeiningum og eftirliti fagaðila sem vegna þjálfunar, þekkingar og reynslu eru færir um að leggja mat á standsetningu og bera kennsl á hugsanlegar afleiðingar eða hættur.

Engar breytingar eru heimilaðar á MOTOmed-tækinu án leyfis frá framleiðanda.

Einungis má nota upprunalega aukahluti og fylgihluti til viðbyggingar eða umbreytingar.

Í atvinnuhúsnæðum verður að framfylgja reglum í reglugerð Þýska viðskiptabandalagsins um slysavarnir fyrir rafbúnað og raftæki.

VIÐVÖRUN



Hætta á meiðslum vegna umbúða

Skiljið ekki umbúðir eftir án eftirlits. Börnum gæti stafað hættu af plastfilmum, plastpokum, hlutum úr frauðplasti o.s.frv.

Ef þú lætur MOTOmed-tækið af hendi til annars aðila vinsamlegast látið þessa notendahandbók fylgja með.

Leiðbeiningar fyrir sjónræna skoðun MOTOmed-tækisins áður en þjálfun hefst

MOTOmed-tækið þitt er hágæða lækningavara og hefur verið þróuð og framleidd í samræmi við sérstaklega háa öryggis- og gæðastaðla sem gilda fyrir lækningavörur. Samkvæmt löggildum skilyrðum er framleiðanda lækningarvöru skylt að láta notanda í té fjölda öryggisráðlegginga sem finna má á blaðsíðunum sem hér á eftir fylgja.

Vinsamlegast takið eftir því að hinn mikli fjöldi ráðlegginga þýðir ekki að af MOTOmed-tækinu stafi meiri hættu en af öðrum tækjum sem notuð eru dags daglega. Öllu heldur eru flestar þessarar ráðlegginga afleiðing þess að við uppfyllum sérlega ströng skilyrði, sem gilda fyrir lækningatæki til að tryggja öryggi notenda og sjúklinga, sem við fylgjum staðfastlega og af mikilli ánægju í þágu viðskiptavina okkar.

Jafnvel þó að sumar þessarar ráðlegginga virðist augljósar biðjum við þig þrátt fyrir það að lesa eftirfarandi blaðsíður vandlega og að fylgja leiðbeiningunum í þaula til þess að MOTOmed-tækið þitt sé og muni halda áfram að vera gagnlegt og fyrsta flokks traust hjálpartæki í langan tíma.

Vinsamlegast framkvæmið sjónrænu skoðunina **áður en** þjálfun er hafin til að tryggja að tækið sé í góðu ásigkomulagi. Skoðunina, sem lýst er hér fyrir neðan, má framkvæma á fáeinum augnablikum.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til ef vandamál koma í ljós við skoðun.	Ástæður skoðunarþrepa
1. Athugið aflgjafa og rafmagnssnúru		
Er rafmagnssnúran laus við skemmdir eins og t.d. rispur, dældir, holur eða beyglur?	<p>Skipta verður um snúru ef vart verður við sjáanlegar skemmdir.</p> <p>Viðgerð á skemmdri rafmagnssnúru er ekki leyfileg og því verður tafarlaust að skipta henni út fyrir upprunalegan aukahlut frá fyrirtækinu RECK því hann hefur verið prófaður og viðurkenndur fyrir MOTomed-tækið. Hafðu samband við þjónustuaðila RECK fyrirtækisins í þeim tilgangi.</p>	<p>Ef rafmagnssnúran er skemmd er hætta á raflosti, sem þú getur annað hvort orðið fyrir ef þú kemst í snertingu við skemmda svæðið eða ef skemmda svæðið kemst í snertingu við hús MOTomed-tækisins.</p> <p>Þar af leiðandi má aldrei nota skemmdar rafmagnssnúrur undir neinum kringumstæðum!</p>
<p>Hefur rafmagnssnúrunni verið komið þannig fyrir að:</p> <p>a) hún kemst ekki í snertingu við tækið?</p> <p>b) önnur tæki kremji hana hvorki né keyri yfir hana?</p> <p>c) hún flækist ekki í fótstigunum?</p> <p>d) hún verði ekki fyrir öðrum vélrænum skemmdum?</p> <p>e) enginn geti hrasað um hana?</p> <p>f) hún sé ávallt aðgengileg?</p>	<p>Aldrei skal nota rafmagnssnúrur þar sem vírar eru óvarðir eða einangrunin skemmd!</p> <p>Rafmagnssnúrunni skal koma fyrir þar sem enginn getur hrasað um hana og snúran getur ekki orðið fyrir vélrænum skaða á nokkurn hátt.</p> <p>Rafmagnssnúrunni þarf að vera komið þannig fyrir að hún sé ávallt aðgengileg.</p>	<p>Ef rafmagnssnúran er skemmd er hætta á raflosti, sem þú getur annað hvort orðið fyrir ef þú kemst í snertingu við skemmda svæðið eða ef skemmda svæðið kemst í snertingu við hús MOTomed-tækisins.</p> <p>Ef bilun kemur upp í MOTomed-tækinu verður eftirlitsaðili að geta tekið það úr sambandi án hindrana.</p>
2. Skoðun ásigkomulags tækisins		
Eru tækið, stjórnborðið og notaðir fylgihlutir laus við sjáanlegar skemmdir?	Athugaðu hvort gera megi við skemmda ihluti eða hvort skipta þurfi þeim út.	Ef ihlutir tækisins eru skemmdir er ekki hægt að tryggja örugga virkni tækisins lengur. Ef sjáanlegar skemmdir eru til staðar á stjórnborðinu (rispur, brotnir hússihlutir) verður að skipta stjórnborðinu út.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til ef vandamál koma í ljós við skoðun.	Ástæður skoðunarþrepa
Er yfirborðsklæðning handfanganna laus við skemmdir?	Láttu þjónustudeild framleiðandans skipta þeim út.	Pólývínýlklóríðklæðning handfanganna veitir notandanum frekari vörn gegn raflosti.
Er tækið laust við óhreinindi?	Fjarlægja skal óhreinindi í samræmi við hreinsunarleiðbeiningar áður en tækið er notað.	Fjarlæging óhreininda kemur í veg fyrir smithættu.
Eru mögulegir fylgihlutir hentugir og viðeigandi fyrir notanda?	Ef t.d. valkvæð úlnliðsbönd eru of lítil eða of stór biðjum við þig um að skipta þeim út fyrir fylgihlut af viðeigandi stærð. Fylgihluti ætti að velja og nota á þann hátt að t.d. engin núningur húðar geti átt sér stað.	Valdir fylgihlutir af rangri stærð geta í sumum tilfellum valdið því að fylgihlutur þjóni ekki sínu tilætlaða hlutverki eða valdið slyshættu. Þetta þarf að meta áður en þjálfun hefst. Ef notandi getur ekki framkvæmt þetta mat sjálfur verður eftirlitsaðili að framkvæma það.
Ef einungis á að framkvæma fótaþjálfun, eru handföngin í haldstöðu, og þannig staðsett að ekkert geti rekist í þau, svo halda megum um þau?	Settu handföngin í haldstöðu og gakktu úr skugga um að fótleggir, sem komið hefur verið fyrir á tækinu, snerti ekki handföngin (blaðsíða 43).	Handföngin veita betra hald á meðan á fótaþjálfun stendur og skapa meira fótarými.
Er klæðnaðurinn þinn viðeigandi fyrir þjálfunina?	Ómögulegt verður að vera fyrir t.d. víðar buxur, langa klúta, sjöl, löng hálsmen, skartgrip, langt hár o.s.frv. að flækjast í fetlana (sérstaklega við notkun handþjálfara). Ekki skal klæðast skóm með reimum. Áður en handleggja-/ efrilíkamshlutabjálfa hefst skal binda langt hár upp í teygju á viðeigandi hátt eða hylja það með höfuðfati.	Óviðeigandi klæðnaður gæti flækst í fótstigum/fetlum og þannig valdið meiðslum. Ef hár eða klæðnaður festist í fetlunum skal tafarlaust styðja á rauða stopp-hnappinn eða slökkuva-kveikja-hnappinn þannig að fetlar stöðvist og hægt sé að losa flækta aðskotahlutina án þess að skapa frekari hættu.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til ef vandamál koma í ljós við skoðun.	Ástæður skoðunarþrepa
<p>Er tækið sett upp og stillt þannig að hægt sé að framkvæma fyrirhugaðar hreyfingar án þess að rekast í aðra hluti / íhluti?</p> <p>Ef einungis á að framkvæma fótþjálfun, hefurðu gengið úr skugga um að handföngin séu í haldstöðu og þannig stöðu að ekkert geti rekist í þau svo að fótleggir rekist ekki í handföngin?</p>	<p>Stilla þarf stöðu handfanganna þannig að fótleggir sem komið hefur verið fyrir á tækinu rekist ekki í handföngin (blaðsíða 43).</p>	<p>Til að koma í veg fyrir slyshættu verður að setja upp og stilla MOTMed-tækið þannig að notandinn rekist ekki í aðra hluti umhverfis tækið.</p>
<p>Er lóðrétt stilling kirfilega læst með festingarhnappi og fest með læsingarskrúfu?</p>	<p>Færðu lóðréttu stillinguna rólega upp eða niður þangað til smellur heyrst þegar hæð sem óskað er eftir hefur verið náð og hertu læsingarskrúfuna (blaðsíða 33).</p>	<p>Ef skrúfur eru ekki kirfilega hertar geta hlutar losnað á meðan á þjálfun stendur. Ef hlutir losna á meðan á þjálfun stendur verður að stöðva þjálfunina tafarlaust, með því að styðja á stopp-hnappinn, og festa lausa hluti kirfilega.</p>
3. Gengið úr skugga um að þjálfunarumhverfi sé eins og best verður á kosið		
<p>Er tækið á sléttu undirlagi og getur ekki vagggað, hallast eða oltið um koll?</p>	<p>Veljið viðeigandi stað til að setja tækið upp þannig að tækið geti ekki vagggað, hallast eða oltið um koll á meðan á þjálfun stendur. Stilltu hugsanlega stillanlegu skrúfurnar undir litla stoðfætinum á viðeigandi hátt.</p>	<p>Tækið má hvorki vaggga, hallast né velta um koll því þá hlýst hætta af sem gæti valdið meiðslum á notendum/sjúklingum.</p>
<p>Er undirlagið nægilega stamt til að tækið geti ekki runnið til?</p>	<p>Með því að velja stamt undirlag tryggirðu að tækið og sætið séu í öruggri stöðu. Sogskálar eru fánlegar sem fylgihlutir fyrir litla stoðfötinn. Motta úr stömu efni er fánleg sem fylgihlutur til að setja undir tækið.</p>	<p>MOTMed-tækið gæti runnið til ef það er staðsett á sleipu undirlagi (flisum, spónaparketi, parketi o.s.frv).</p>

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til ef vandamál koma í ljós við skoðun.	Ástæður skoðunarþrepa
Er hjólastóllinn eða stóllinn sem þú situr í fyrir framan tækið í þannig stöðu að hann geti ekki hallast aftur, oltið um koll eða rúllað í burtu á meðan á þjálfun stendur?	Ef ekki er hægt að koma í veg fyrir að hjólastóllinn hallist eða rúlli aftur á bak vegna sterkra krampa (spastík) eða vegna virkrar þjálfunar er skylt að nota hjólastólafestingu. Einungis er leyfilegt að nota stöðuga og trausta stóla, með armhvilum ef mögulegt er. Stólar með hemlalausum hjólum eru ekki leyfðir fyrir MOTOmed-þjálfun.	Við sterka krampa í fótleggjum gæti drifkraftur fótssveifa valdið því að sætið hreyfist eða hallist. Koma verður í veg fyrir að það gerist með viðeigandi aðgerðum til þess að koma í veg fyrir hættu á meiðslum. Stólar með hjólum gætu hreyfst á meðan á þjálfun stendur.
Ef þú vilt stunda þjálfun sitjandi í hjólastól: eru hemlar hjólastólsins kirfilega festir áður en þjálfun hefst?	Festu hemlana og athugaðu hvort hjólastóllinn sé kirfilega skorðaður.	Hjólastóllinn má ekki rúlla í burtu á meðan á þjálfun stendur.
Ef rafmagnshjólastóll er notaður við þjálfun: Er slökkt á rafmagnshjólastólnum og eru hemlar hjólastólsins kirfilega festir?	Slökktu á rafmagnshjólastólnum og settu hemlana á. Athugaðu síðan hvort hjólastóllinn sé kirfilega skorðaður.	Hjólastóllinn má ekki rúlla í burtu á meðan á þjálfun stendur.
Geta sveifarnar / fótstigin hreyfst óhindrað og er engin hættu á að aðrir hlutir gæti festst eða flækst í þeim við fyrirhugaða þjálfun?	Vinsamlega færðu alla hluti í burtu frá svæðinu umhverfis sveifarnar sem gætu festst í þeim eða hindrað hreyfingu þeirra við snúning sveifanna. Gakktu sérstaklega úr skugga um að t.d. hár, hálsklútar eða skartgripir geti ekki flækst í sveifunum.	Sérstaklega þarf að sjá til þess að ekkert geti flækst í vélknúnum snúningsíhlutum. Sömu varúðarráðstafanir gilda hér eins og fyrir t.d. eldhúsáhöld eða handborvélar.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til ef vandamál koma í ljós við skoðun.	Ástæður skoðunarþrepa
Er sveifarradiusinn stilltur eins báðum megin?	Ef vinstri og hægri sveifar eru stilltar í mismunandi lengd verður að stilla þær þannig að þær séu eins (blaðsíða 41).	Þegar sveifarnar eru stilltar í mismunandi lengd skapast ójöfn hreyfing vegna þess að mismunandi kraftar virka á sveifarnar vegna mismunandi raunvogarstangarlengdar. Stilltu af þessum sökum lengd sveifanna báðum megin á eins jafnan hátt og mögulegt er.
Eru fótleggir / andleggir notandans kirfilega festir við fótstig / framhandleggshvílur á meðan á þjálfun fótleggja eða handleggja / efri líkama stendur?	Festið fótleggi / handleggi samkvæmt leiðbeiningum í kaflanum „Undirbúningur“ (blaðsíðu 32).	Fótleggir / handleggir ættu ekki að geta hreyfst óviljandi úr fótstigum eða framhandleggshvílum.
Eru engin önnur raftæki, sem ekki eru viðurkennd lækningatæki, í seilingarfjarlægð frá sjúklingnum?	Fjarlægja skal öll önnur raftæki, sem ekki eru viðurkennd lækningatæki, úr seilingarfjarlægð frá notandanum (svæði sjúklings).	Ef sjúklingurinn kemst í snertingu við önnur rafmagnstæki á meðan á þjálfun stendur, ákvarðast vernd gegn raflosti ekki lengur af sérstaklega góðri verndareinangrun MOTOmed-tækisins heldur af eiginleikum hins tækisins sem notandinn kemst í snertingu við. Til þess að hinn sérstaklega háa lækningatækisöryggisstaðall MOTOmed-tækisins geti verndað sjúklinginn á árangursríkan hátt á meðan á þjálfun stendur mega engin raftengd tæki, sem ekki eru viðurkennd lækningatæki, vera í seilingarfjarlægð frá notandanum.

- 26 **Flutningur**
- 27 **Uppsetning**
- 27 **Reiðuhumur**


Flutningur

MOTOMed-tækið er búið tveimur stórum flutningshjólum sem auðvelda flutning innanhúss.

Hjólin eru klædd gúmmihring sem kemur í veg fyrir skaða viðkvæmra yfirborða.

blaðsíða 27 Takið rafmagnssnúruna algjörlega úr sambandi áður en flutningur fer fram.

Haldið fast um flutningshandfangið ① og hallið tækinu varlega yfir á stóra stoðfótinn þangað til að auðvelt er að toga eða ýta MOTOMed-tækinu áfram á stóru flutningshjólunum ②.



mynd 4.1

Ef ýta þarf MOTOMed-tækinu yfir þröskuld, gangið úr skugga um að flutningshjólin ② rúlli samtímis (samhliða) yfir þröskuldinn.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á hlutum vegna hristings

Flytjið MOTOMed-tækið ekki á ójöfnu undirlagi (t.d. gangstéttarhellum). Rafeindartæki og hús MOTOMed-tækisins gætu orðið fyrir skaða.

Við flutning um langa vegalengd og ójafnt undirlag skal nota viðeigandi flutningstæki (t.d. flutningsvagn eða svipuð tæki).

Uppsetning

Innihald:



- MOTOmed loop
- Rafmagnssnúra, lengd 2,50 m
- Innansexkantlykill, 4 mm
- Notkunarleiðbeiningar MOTOmed loop

Látið MOTOmed-tækið standa í að minnsta kosti 3 klukkustundir við stofuhita fyrir fyrstu notkun eða eftir langan flutning.

Reistu stjórnborðið ① við þar til það stöðvast. Einnig má halla stjórnborðinu ① fram á við ef þess er óskað.

blaðsíða 44 Fyrir þjálfun handleggja / efri líkama, setjið handföngin í andstæða stöðu frá hvoru öðru ③.

blaðsíða 43 Fyrir fótþjálfun, skiljið handföngin eftir í haldstöðu ②.




Myndir 4.2, 4.3

Reiðuhumur

blaðsíða 28 Tengjið rafmagnssnúruna ① fyrst við IEC 60320 C14 tengið ② í hjólnöf MOTOmed-tækisins. Gangið úr skugga um að hún sé almennilega tengd. Stingið síðan kló ③ rafmagnssnúrunnar ① í innstungu í rýminu.

Klóið ③ og IEC 60320 C14 tengið ② þurfa ávallt að vera aðgengileg svo hindrunarlaust sé hægt að setja MOTOmed-tækið í samband og taka það úr sambandi.




mynd 4.4

MOTOMed-tækið er nú í reiðuham (standby).
Þetta er gefið til kynna með grænu LED-ljósi ④ á stjórnborðinu.

Styðjið á straumrofann ⑤ til að kveikja á MOTOMed-tækinu.
MOTOMed-tækið er tilbúið til notkunar í síðasta lagi 30 sekúndum eftir að kveikt hefur verið á því.

Aðalskjárinn birtist. Ef aftur er stutt á straumrofann ⑤ slokknar á skjánum.

MOTOMed-tækið er nú í hvíldarham. Til að setja MOTOMed-tækið algjörlega í reiðuham (standby) skal halda straumrofnum ⑤ niðri í 3 sekúndur.



mynd 4.5

Til að spara rafmagn birtist skjávarinn 15 mínútum eftir að þjálfun er lokið eða eftir síðustu innfærslu. 30 mínútum síðar slokknar á skjánum og eftir aðrar 15 mínútur fer MOTOmed-tækið í reiðuham (standby).

MOTOmed-tækið er hannað til að vera stöðuglega í reiðuham. Til að rjúfa rafstrauminn algjörlega við viðgerðir, hreinsun eða flutning verður að taka klónna úr sambandi.

32 **Inngangur**

32 Undirbúningur

32 Stjórnborð

33 **Þjálfun**

33 Lóðrétt stilling

34 Frjáls þjálfun

34 MOTomed loop.l

34 MOTomed loop.a

35 MOTomed loop.la

40 Virk/hlutlaus þjálfun

41 Vélarhraði

41 Viðnám

41 Fótstigsradíus

43 Fótaþjálfun

43 Sætisfjarlægð

44 Þjálfun handleggja / efri líkama

45 Notkunarleiðbeiningar fyrir sjálfvirka krampastjórnun

Inngangur

Á eftirfarandi blaðsíðum má finna nánari upplýsingar um notkun MOTOMed-tækisins.

Undirbúningur

Komið MOTOMed-tækinu helst fyrir með stærri stoðfót upp við vegg. Sestu í hjólastól eða á stöðugan stól fyrir framan MOTOMed-tækið í þá fjarlægð að við þjálfun (þegar fótstigið er í mestu fjarlægð frá líkamanum) réttist ekki alveg úr hnjánum.

blaðsíða 43

VIÐVÖRUN



Hætta á meiðslum!



Komdu í veg fyrir að hjólastólinn eða stólinn þinn geti hallast eða runniðtil.

Festu fætur þína með meðfylgjandi festingum við öryggisfótstigin og kálfana þína við kálfahvilurnar (ef þær fylgja með).

Stjórnborð

Stjórnborð ① MOTOMed-tækisins hefur áfasta bæði straumrofa ② og stopp-hnapp ③.

Öllum öðrum aðgerðum er stjórnað og notkun valmyndarinnar fer fram á snertiskjánum ④, sem er snertinæmur.



myndir 5.1, 5.2

sjá mynd 5.2 Á neðanverðu húsinu má finna USB-tengi (5) og raðtengi (6).

Hægt er að tengja minnislykil við USB-tengið (5). Hann er notaður til að vista þjálfunargögn og fyrir hugbúnaðaruppfærslur.

Þjálfun

Lóðrétt stilling

Veldu þá hæð fyrir fótþjálfun eða þjálfun handleggja / efri líkama sem hentar þér.

Losaðu læsingarskrúfuna (2) og togaðu í festingarhnaппinn (3). Stilltu MOTMed-tækið (1) í rétta hæð.

Þú getur valið á milli fimm stillinga sem hægt er að finna fyrir þegar festingarhnaппurinn (3) smellir í lás. Festu síðan læsingarskrúfuna (2) aftur þangað til þú finnur fyrir viðnámi.

Ráðlegging:

Gakktu ávallt úr skugga um að engir árekstrar verði milli fótleggja og hand- / haldfanga.



myndir 5.3, 5.4

Frjáls þjálfun

sjá mynd 5.1 Styddu á straumrofann ② og kveiktu á MOTOmed-tækinu þínu. MOTOmed-tækið fer í gang og fer í notkunarham. Heimaskjárinn birtist.

MOTOmed loop.l

Hnappar fyrir fótabjálfarann birtast á heimaskjánum.



mynd 5.5

Fótabjálfun hefst eftir að stutt hefur verið á fótabjálfarahnappana. Fótstigin byrja rólega að snúast með þeim hlutlausa snúningshraða sem stilltur hefur verið. Snúningshraðinn eykst línulega hægt og rólega. Hámarks lokasnúningshraði mun nást eftir að minnsta kosti 10 sekúndur.

MOTOmed loop.a

Hnappar fyrir þjálfara handleggja/efri líkama birtast á heimaskjánum.



mynd 5.6

Þjálfun hefst eftir að stutt hefur verið á hnappa fyrir þjálfara handleggja /efri líkama. Handföngin byrja rólega að snúast með þeim hlutlausu snúningshraða sem stilltur hefur verið. Snúningshraðinn eykst línulega hægt og rólega. Hámarkslokasnúningshraði mun nást eftir að minnsta kosti 10 sekúndur.

MOTOmed loop.la

Hnappar fyrir fótþjálfara og þjálfara handleggja /efri líkama birtast á heimaskjánum.



mynd 5.7

Við fótþjálfun munu sveifar handleggjaþjálfara stöðvast í forstilltri stöðu og þau taka að sér hlutverk handfanga.

Við þjálfun handleggja /efri líkama er hægt að hreyfa öryggisfótstigin með frjálsum hætti.

Þjálfarinn sem síðast var notaður birtist auðkenndur á skjánum.

Þjálfun hafin með stillingu sem síðast var notuð

Ef þú vilt þjálfu aftur með sama þjálfara og þú notaðir síðast getur þú hafið þjálfun tafarlaust með því að velja hann aftur. Fótstigin og /eða handföngin byrja rólega að snúast með þeim hlutlausu snúningshraða sem stilltur hefur verið.

Skipt úr fótþjálfun yfir í þjálfun handleggja /efri líkama

Þegar þú vilt þjálfu efri líkama en tækið var síðast notað fyrir fótþjálfun þarf að endurstilla drifkerfið í samræmi við það.

Tilkynning birtist um að drifkerfið muni nú skipta úr fótþjálfun yfir í þjálfun handleggja /efri líkama og skiptingarferlið hefst.



mynd 5.8

Færðu fætur þína fyrst af tækinu ef þess þarf með aðstoð innstigshjálparinnar.

Fylgdu leiðbeiningum til að færa handföngin í aðra stöðu og staðfestu hana í hvert skipti með .



mynd 5.9



mynd 5.10



mynd 5.11

MOTOMed-tækið virkir handföngin sjálfvirkt fyrir þjálfun handleggja/efri líkama.

Þjálfunin hefst eftir niðurtalninguna (5 sekúndur) og handföngin byrja rólega að snúast með þeim hlutlausu snúningshraða sem stilltur hefur verið.

Skipt úr þjálfun handleggja/efri líkama yfir í fótþjálfun


Þegar þú vilt þjálfra fótleggi en tækið var síðast notað fyrir þjálfun handleggja/efri líkama þarf að endurstilla drifkerfið í samræmi við það.


Tilkynning birtist um að drifkerfið muni skipta úr þjálfun handleggja/efri líkama yfir í fótþjálfun og skiptingarferlið hefst.



mynd 5.12

Handföngin þjóna hlutverki haldfanga fyrir stuðning og stöðugleika. Færðu handföngin þess vegna í þægilega haldstöðu.

Fylgdu leiðbeiningum á myndaskjánum og staðfestu hana í hvert skipti með .



mynd 5.13


MOTOmed býður upp á 8 mögulegar haldstöður.
Fyrst færirðu hægra handfangið í þá stöðu sem þú óskar eftir.

VIÐVÖRUN



Hætta á meiðslum!

Til að koma í veg fyrir árekstur við hnén skaltu ekki færa handfangið í of lága stöðu.





mynd 5.14

Ef handfangið læsist ekki sjálfkrafa skaltu hreyfa það mjúklega fram og aftur þar til þú finnur það smella í lás.



mynd 5.15

Með því að velja  hnappinn geturðu leiðrétt stöðuna.

Fylgdu leiðbeiningum á myndaskjánum og staðfestu hana í hvert skipti með .



mynd 5.16



mynd 5.17



mynd 5.18

Þjálfunin hefst eftir niðurtalninguna (5 sekúndur) og fótstigin byrja rólega að snúast með þeim hlutlausu snúningshraða sem stilltur hefur verið.

VARÚÐ



Hætta á meiðslum vegna fetilsveifa sem snúast

Ekki grípa í handföngin á meðan sveifarnar snúast.

Þú getur einstaklingsniðið hæð handfangana í gegnum valmyndina. Sveifar fyrir handleggi/efri líkama munu læsast í haldstöðunni. Síðan mun drifkerfið skiptast yfir í fótaþjálfun og þjálfun getur hafist. Settu fótleggina þína fyrst inn með aðstoð innstigshjálparinnar ef þess þarf. Fótstigin byrja rólega að snúast með þeim hlutlausu snúningshraða sem stilltur hefur verið. Snúningshraðinn eykst línulega hægt og rólega. Hámarkslokasnúningshraði mun nást eftir að minnsta kosti 10 sekúndur.

Virk/hlutlaus þjálfun

Eftir upphitunartímann er hægt að láta vélina halda hlutlausum hreyfingum áfram (hlutlaus þjálfun) eða hægt er að hefja virkar hreyfingar (virk þjálfun) hvenær sem er.


Vélarhraði

Í hlutlausum ham er hægt að stilla snúningshraðann á bilinu 1–60 snún./mín. og hjá loop p Parkinsonsgerðum á bilinu 1–90 snún./mín. Snúningshraðinn breytist línulega hægt og rólega.

Viðnám

Í virkum ham er hægt að stilla viðnámið á bilinu 0–20.

sjá mynd 5.1 Með rauða stopp-hnappinum ③ er hægt að stöðva þjálfun hvenær sem er.

Farið er á heimaskjáinn með því að styðja á  hnappinn.

Farið er eitt skref til baka með því að styðja á  hnappinn.

Fótstigsradius

Fótþjálfari MOTMed-tækisins býr yfir tveggja þrepa fótstigsradiusstillingu.

Prep 1: 7 cm (venjulegt) Prep 2: 12,5 cm

Handfangsradiusstilling handleggjaþjálfarans er 10 cm.

VARÚÐ



Hætta á meiðslum!

Fótstigsradiusinn er einungis hægt að stilla þegar slökkt er á MOTMed-tækinu og fótleggir liggja ekki á tækinu.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á MOTMed!

Komið í veg fyrir rispur og skemmdir við notkun verkfæra. Látið öryggisfótstig ekki detta.



Til að stilla fótstigsradiusinn, losið innansextkantboltann ① með 4 mm innansextkantlyklinum sem fylgir með.

Takið öryggisfótstigið ② úr núverandi gati á sveifarstönginni ④ og fjarlægið svarta plasttappann ③ úr lausa gatinu. Setjið öryggisfótstigið ② í lausa gatið á sveifarstönginni ④ og setjið plasttappann ③ í gatið sem nú er laust. Herðið innansextkantboltann ① aftur.

Endurtakið þetta á gagnstæða öryggisfótstiginu. Gangið úr skugga um að innansekkantboltarnir báðu megin séu kirfilega hertir.

Ráðlegging:

Gangið úr skugga um að fótstigsradiusinn sé hinn sami báðum megin til að tryggja jafna hreyfingu.



myndir 5.19, 5.20



Innansekkantboltann á kúluleguhosuklemmuni verður að herða kirfilega þannig að öryggisfótstigið geti ekki losnað úr kúluleguhosuklemmuni.

Innansekkantboltann má eingöngu herða svo fast að enn sé auðvelt að snúa öryggisfótstiginu.

Gangið úr skugga um þetta á eftirfarandi hátt: Haldið öryggisfótstiginu í láréttri stöðu og sleppið því síðan. Ef öryggisfótstigið sveiflast einu sinni til tvisvar fram og til baka er innansekkantboltinn hæfilega hertur.

Þegar innansekkantboltinn er of mikið hertur er mögulegt að kúluleguhosuklemman þrýstist of fast á kúlulegu öryggisfótstigsins sem veldur því að það snýst varla eða ekki lengur.

Einnig er hægt að nota átaksmæli og herða upp í 9 Nm.

Fyrirtækið RECK-Technik GmbH & Co. KG. tekur enga ábyrgð ef innansekkantboltar á kúluleguhosuklemmuni eru ranglega hertir.

Fótaþjálfun

Veljið fótaþjálfunarhnappinn á heimaskjánum.
sjá blaðsíða 35, 37
Bíðið ef með þarf þangað til MOTOmed hefur skipt sjálfkrafa yfir í fótaþjálfun.

VARÚÐ




Hætta á meiðslum vegna handfangssveifa sem snúast

Ekki grípa í handföngin á meðan sveifarnar snúast.

Sætisfjarlægð


Veljið sætisfjarlægð frá MOTOmed-tækinu þannig að fótleggir séu ávallt örllítið beygðir. Sestu í hjólastól eða á stöðugan stól fyrir framan MOTOmed-tækið í þá fjarlægð að við þjálfun (þegar öryggisfótstig ② er í mestu fjarlægð frá líkamanum) réttist ekki alveg úr hnjónum. Hægt er að halda sér stöðugum með því að halda í læstu handföngin eða haldföngin ① á meðan á fótaþjálfun stendur.



mynd 5.21

sjá mynd 5.22

Ef stóllinn sem notaður er hefur stillanlegt bak er einnig hægt að stunda þjálfun í MOTOmed-tækinu í þægilegri hálfleggjandi stöðu. Í þeim tilgangi, færið MOTOmed-tækið ① í hærri stöðu og hallið stólbakinu ② aftur. Gangið um leið einnig úr skugga um að hnén réttist ekki að fullu.



mynd 5.22



Þjálfun handleggja/efri líkama

Veljið hnappinn fyrir þjálfun handleggja/efri líkama á heimaskjánum. Sjá blaðsíða 37. Þíðið ef með þarf þangað til MOTMed hefur skipt sjálfkrafa yfir í handleggja/efri líkama.

Fyrir einhliða þjálfun handleggja/efri líkama, fjarlægjið fótleggi úr öryggisfótstígnum.

Færið handföngin í andstæða stöðu frá hvoru öðru.

Það er gert með því að losa sveifarlásinn ② á vinstra handfangi ① og snúa því um 180° ③ þannig að það sé í andstæðri stöðu við hægra handfangið ④. Læsið síðan sveifarlásnum ② aftur.





myndir 5.23, 5.24

Notkunarleiðbeiningar fyrir sjálfvirka krampastjórnun

Í tilvikum krampa (spastík) er mælt með hægum og jöfnum hreyfingum á MOTOmed-tækinu.

Þjálfnið við lítinn snúningshraða sérstaklega til að byrja með. Þessi stilling er sérstaklega hönnuð til að slaka á vöðvunum. Notandinn mun finna fyrir því að krampar verða sjaldgæfari.

Hreyfivörnin með krampalosunarkerfi ætti alltaf að vera á (tákn  ①) í tilvikum sjúklunga með krampa (spastík) eða viðkvæmar sínar, liði eða liðbönd.



mynd 5.25

Ef krampi (spastík) eða önnur fyrirstaða á sér stað stöðvar hreyfivörnin vélina sjálfvirkt háð stilltu vélarkraftsþrepi.

Síðan byrja sveifarnar að snúast í gagnstæða átt og

krampalosunarkerfið leitar í átt sem losar um krampana (spastík) í samræmi við meðferðarlögmálið (gagnverkandi réttivöðvaviðbragð).

Þar með er hægt að létta undir með vöðvunum og losa krampana.

Þetta ferli endurtekur sig að hámarki 15 sinnum þar til krampinn

(spastík) lætur undan og getur dvínað. Eftir það birtist tilkynningin „*of margir krampar*“.


Í tilvikum krampa (spastík) eru *fótleggjabeinarnir með kálfastuðningi* nauðsynlegir fylgihlutir til að skorða fótleggina betur. Þeir festa fótleggina vandlega, stuðla að öruggri stöðu kálfans og gera líkamlega heilbrigða fótleggjastöðu mögulega á meðan á hreyfingu stendur.

lágur hámarkskraftur vélar: t.d. í tilviki beinþynningar
hár hámarkskraftur vélar: t.d. í tilviki mikilla hreyfiörðugleika
vegna vöðvastífni eða stírnun (hjá
Parkinsonsjúklingum)

Vinsamlegast hafið samráð við lækni og sjúkraþjálfara varðandi þetta áður en þjálfun hefst.

- 48 Öryggisfótstig
- 48 Nákvæm fótstigsradíuss-stilling
- 50 Fótleggjabeinir með kálfahvílum
- 51 „QuickFix“ fótahraðfesting
- 52 Tetra-handföng með hraðskiptitækni
- 52 Úlnliðsbönd fyrir handfestingu
- 53 Krókhandfang
- 53 Framhandleggshvílur með úlnliðsböndum og hraðaskiptitækni
- 54 Úrval handfanga fyrir framhandleggshvílur

Öryggisfótstig



mynd 6.1

Öryggisfótstigin ① eru klædd mjúku efni og hafa umlykjandi öryggisbrún með sérstaklega hárrí innri hlið til verndunar ökkla og fótleggja. Til þess að hægt sé að festa fætur með þægilegum og öruggum hættir eru öryggisfótstigin staðlað útbúin ól með frönskum rennilás ② til að setja utan um ökkla.

blaðsíða 51 Ef sterkari festingar er þörf er hægt að útbúa öryggisfótstigin með „QuickFix“ fótahraðfestingu.



Öryggisfótstig útbúin með ólum sem hægt er að sótthreinsa eru fánleg. Á stöðum með háar hreinlætiskröfur mælum við með notkun plasthúðaðra öryggisfótstiga.

Nákvæm fótstigsradiusstilling


Með nákvæmu fótstigsradiusstillingunni er hægt að stilla stærðarsvið hreyfinga, þ, e. fótstigsradiusinn, á nákvæman hátt. Fótstigsradiusinn er hægt að stilla báðum megin annað hvort í 4 þrepum (5,0/7,5/10,0/12,5 cm) eða þrepalaust.

VIÐVÖRUN



Hætta á meiðslum!

Fótstigsradiusinn er einungis hægt að stilla þegar slökkt er á MOTMed-tækinu og fótleggir eru ekki á tækinu.



mynd 6.2

Til að breyta fótstigsradiusnum, losið báða innansekkantboltana (1) með 4 mm innansekkantlyklinum sem fylgir með.

Hægt að færa öryggisfótstigin á sveifarstönginni (3) með því að toga læsingarhnappinn (2) upp og stilla á nákvæman hátt í 4 þrepum. Fyrir þrepalausa stillingu er mögulegt að festa öryggisfótstigin með hjálp tveggja innansekkantbolta (1) hvar sem þess er óskað á sveifarstönginni (3).

Endurtakið síðan ferlið á hinu öryggisfótstiginu.


Ráðlegging:

Gangið úr skugga um að fótstigsradiusinn sé hinn sami báðum megin til að tryggja jafna hreyfingu.



Öll hugsanleg hljóð sem gætu myndast (samspil læsingarbolta læsingarhnappsins og sveifarinnar) er hægt að laga með því að herða innansekkantboltann (1). Herðið innansekkantboltann reglulega.

Fótleggjabeinir með kálfahvílum



mynd 6.3

Fótleggjabeinarnir (4) með kálfahvílum (1) eru þannig lagaðir að auðvelt er að setja fótleggina á þá. Þökk sé sveigjanlegri lögun þeirra lagast kálfahvílurnar (1) vel að kálfunum.

Fyrir bestu mögulegu beiningu og festingu fótleggja verður kálfahvílan (1) að snerta kálfana.

Losið vængjaskrúfuna (2) og framkvæmið hæðarstillingu fótleggjabeinisins (4). Herðið vængjaskrúfuna (2) aftur í valdri stöðu.

VARÚÐ



Athugið að lágmarks innsetningardýpt fótleggjabeinisins (4) er 3 cm.

Festið fyrst fæturna við öryggisfótstigin (5) og festið síðan kálfana við kálfahvílurnar (1) með ólunum, sem hafa franskan rennilás (3).



Öll hljóð sem hugsanlega gætu myndast er hægt að lagafara með því að herða vængjaskrúfuna (2).

Ef þess er óskað er hægt að fá fótleggjabeina með kálfahvílum sem útbúnir eru meðólum sem hægt er að sótthreinsa.

Fótleggjabeinar með langri kálfaþvílu úr plasti





mynd 6.4

Ef þess er óskað er hægt að fá fótleggjabeina með langri kálfaþvílu úr plasti ① fyrir yfirborðsmikla fótleggjabeiningu.

6

„QuickFix“ fótahraðfesting




Myndir 6.5, 6.6

Með „QuickFix“ fótahraðfestingunni getur þú sjálf(ur) fest fæturna þína við öryggisfótstigin á skjótan hátt og losað aftur.

Opnið „QuickFix“ með því að ýta stýristönginni ① niður eða draga hana upp og setjið fæturna inn. Ýtið frauðpúðanum ② niður með hendinni þangað til hann er kominn í stöðu þar sem þægilegur þrýstingur er á fótinn. Púðaafestingin ③ festist með heyrnlegum smelli með stuttu millibili og er kirfilega fest í öllum þessum festingarþrepum. Eftir að þjálfun er lokið opnarðu „QuickFix“ með því að ýta stýristönginni ① niður eða draga hana upp.

Tetra-handföng með hraðskiptitækni




mynd 6.7

Með tetra-handföngunum ① er hægt að setja handleggi inn á auðveldan og sjálfstæðan hátt. Með stillingarskrúfunni ② er hægt að stilla framhandleggsstuðninginn á sveigjanlegan hátt.

Með hraðskiptitækninni ③ er hægt að skipta auðveldlega um handföngin án verkfæra. Opnið krókinn ④ og fjarlægðu handfangið. Komið handfanginu sem óskað er eftir fyrir og lokið króknum alveg aftur ⑤.

Úlnliðsbönd fyrir handfestingu



mynd 6.8

Hægt er að festa lamaða (veikbyggða) hönd við handleggjapjálfarann, haldfang eða mismunandi handföng á auðveldan og snöggan hátt með úlnliðsböndunum ① fyrir handfestingu.


Krókhandfang



mynd 6.9

Hægt er að festa lamaða (veikbyggða) hönd við handleggjapjálfarann eða haldfang á auðveldan og snöggan hátt með krókhandfanginu ① fyrir handfestingu.

Framhandleggshvilur með úlnliðsböndum og hraðskiptitækni



mynd 6.10

Framhandleggshvilurnar ① gera skorðun og festingu handleggja sem búa yfir alvarlegri lömum mögulega. Fyrir hliðlægar útjöfnunarhreyfingar framhandleggjanna er hægt að snúa framhandleggshvilunum ① til hliðar.

Losið vængjaskrúfuna ② neðan á framhandleggshvilunni ① og stillið þverhandfangið ③ í þá átt sem óskað er eftir. Herðið vængjaskrúfuna ② aftur í valdri stöðu.

VARÚÐ



Athugið að lágmarks innsetningardýpt þverhandfangsins ③ er 2,5 cm.

Með hraðskiptitækninni ④ er hægt að skipta auðveldlega um handföngin án verkfæra. Opnið krókinn ⑤ og fjarlægðu handfangið. Komið framhandleggshvilunum ① fyrir og lokið króknum alveg aftur ⑥.

VARÚÐ




Gangið úr skugga um að hendur (og fingur) séu festar á þann hátt að þær geti ekki rekist í fetilsveifarnar. Þjálfun þar sem hendur og handleggir liggja í framhandleggshvilunum og eru bundin föst við þær er eingöngu heimilt að framkvæma undir eftirliti.

Úrval handfanga fyrir framhandleggshvilur

Framhandleggshvilurnar eru búnar þverhandföngum sem staðalbúnaður.

Að öðrum kosti má velja á milli eftirfarandi gerða:



mynd 6.11

- ① kúlulaga handfang
- ② stafshandfang
- ③ þverhandfang

- 56 Öryggisfyrirmæli fyrir bilanagreiningu
- 56 MOTMed-tækið virkar ekki eða stjórnborð svarar ekki
- 56 MOTMed-tækið snýst á ójafnan hátt
- 57 Hugsanleg áhrif rafsegultruflana á MOTMed-tækið

Öryggisfyrirmæli fyrir bilanagreiningu

VIÐVÖRUN



Einungis viðurkenndum fagaðilum er heimilt að framkvæma viðgerðir á MOTOmed-tækinu.

Áður en viðhaldsþjónusta er framkvæmd verður skilyrðislaust að taka rafmagnsklónna úr innstungunni til að aftengja rafmagnið.

blaðsíða 69 Ef bilun hefur komið upp sem ekki er hægt að lagfæra og er ekki meðal þeirra sem tilgreindar eru í listanum hér fyrir neðan, vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild RECK fyrirtækisins eða viðurkenndan samstarfsaðila.

MOTOmed-tækið virkar ekki eða stjórnborð svarar ekki

blaðsíða 27 Gangið úr skugga um að rafmagnssnúrunni sé rétt komið fyrir í innstungunni og í IEC 60320 C14 tenginu í hjólnöf MOTOmed-tækisins. Athugið hvort græna LED-ljósíð á stjórnborðinu lýsi. Athugið einnig hvort innstungan virki (með því að stinga öðru raftæki í samband).

MOTOmed-tækið snýst á ójafnan hátt

Vinsamlegast athugið eftirfarandi atriði:

1. Er fótstigsradíusinn beggja vegna MOTOmed-tækisins stilltur á sama þrep?
2. Er fótstigsradíusinn hugsanlega stilltur á þrep sem er of hátt fyrir hreyfigetu þína? Þetta leiðir til ójafns snúnings sem orsakast af gjörðum notanda.
3. Staða og líkamsstaða notandans.
Sitja skal við MOTOmed-tækið á öruggan hátt og í beinni línu við það. Fjarlægðin skal valin þannig að ekki réttist alveg úr hnjánum á meðan fótstigin snúast.
4. Í tilviki helftarlömunar gæti orsakast ójafn snúningur (sérstaklega við lágt hemlaviðnám) vegna þess að hvor líkamshlið einstaklings starfar með mismunandi hætti.

5. Ef snúningur er einnig ójafn þegar fótleggir eru ekki á fótstignum þarf fagaðili að yfirfara tækið.

Hugsanleg áhrif rafsegultruflana á MOTOmed-tækið

Hugsanleg áhrif	Aðgerðir til lagfæringar
Þjálfunin stöðvast	Byrjaðu þjálfun að nýju
MOTOmed-tækið slekkur á sér	Kveiktu aftur á MOTOmed-tækinu
Læsing handleggjaþjálfarans fer á	Stöðvaðu þjálfun og byrjaðu síðan að nýju
Læsing handleggjaþjálfarans fer af	Stöðvaðu þjálfun og byrjaðu síðan að nýju
Valin þjálfun skiptist sjálfkrafa yfir í aðra þjálfun	Stöðvaðu þjálfun og byrjaðu síðan þjálfunina sem þú óskaðir eftir að nýju
Þjálfunarhraðinn breytist sjálfkrafa	engra aðgerða krafist, sjálfvirk endurheimting á sér stað eftir að truflunin tekur enda
Hljóðræn viðvörðun fer í gang	engra aðgerða krafist, sjálfvirk leiðrétting á sér stað eftir að truflunin tekur enda
Sjónræn viðvörðun birtist	engra aðgerða krafist, sjálfvirk leiðrétting á sér stað eftir að truflunin tekur enda

Hreinsun, viðhald, endurnotkun, endurvinnsla

Hreinsun

VIÐVÖRUN



Slyshætta vegna rafspennu!

Af öryggisástæðum verður að stöðva rafstraum til MOTOmed-hreyfihjálpartækisins með því að taka rafmagnssnúruna úr sambandi á meðan á hreinsun og sótthreinsun stendur!

Einungis má hreinsa eða sótthreinsa MOTOmed-tækið með sértílgæðum hreinsiklútum.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á MOTOmed!

Sótthreinsun með úða eða sturtu er ekki leyfð sökum viðkvæmra rafrænna tenginga og hreyfanlegra íhluta sem eru án vatnsþéttingar!

Í grundvallaratriðum er hreinsun með ákveðnu millibili ekki tilskilin. Hreinsun fer fram eftir þörfum og hreinlætiskröfum.

Á stöðum þar sem margir aðilar nota MOTOmed-tækið skulu hlutar tækisins, sem gætu komist í snertingu við særða líkamshluta notenda (t.d. ef um er að ræða opin sár eða hættu á þrýstingssári), vera hreinsaðir eftir hverja notkun og sótthreinsaðir með viðeigandi sótthreinsunarefni.

Notið ekki sterk, ætandi hreinsiefni eða hreinsiefni sem innihalda klór sem virkt efni eða leysiefni. Sjáið sérstaklega til þess að allir límíðar sem límdir hafa verið á MOTOmed-tækið skemmist ekki á meðan á hreinsun stendur.



Sótthreinsiefni og hreinsiefni sem mælt er með eru t.d.

- Meliseptol yfirborðsótthreinsiefni
- Sagrotan alhliðahreinsiefni

Viðhald

- blaðsíða 19 MOTOmed þarfnast ekki reglulegs viðhalds / viðgerðarþjónustu. Áður en þjálfun hefst skal framkvæma sjónræna skoðun samkvæmt kafla 3. Slitna íhlutir (t.d fótstigsklæðning, handföng, „expander“) verður að endurnýja.
- Þessi lækningavara hefur viðhaldsfria liði og legur og samanstendur eingöngu af tæringarþolnum efnum.

Endurnotkun

- blaðsíða 19 MOTOmed-tækið er hannað til endurnotkunar fleiri sjúklinga. Í því tilviki skal fylgja leiðbeiningunum í kafla 3, „Sjónræn skoðun“ og í þessum kafla.

Endurvinnsla

- MOTOmed-tækið er framleitt eftir hágæða aðferðum og algjörlega úr málm:
- Það er endingargott, umhverfisvænt og endurvinnanlegt. Vinsamlegast losaðu þig við tækið í samræmi við EB-reglugerð 2012/19/EG-WEEE (Waste Electrical and Electronic Equipment) fyrir rafmagns- og rafeindatæki.
- blaðsíða 69 Vinsamlegast hafðu samband við MOTOmed-þjónustuteymið ef þú hefur frekari spurningar.

Tæknilegar upplýsingar, tákn

Stærðir og þyngd

MOTOmed-gerð	Stærðir (Ytri mælingar í cm lág./háms.)			Þyngd (í kg)
	Lengd	Breidd	Hæð	
loop.l	70	60	107/122	35
loop.a	70	60	107/122	31
loop.la	70	60	107/122	36
loop.la prof	70	60	107/122	39
loop p.l	70	60	107/122	35
loop p.la	70	60	107/122	36
loop light.l	70	60	107/122	33
loop light.a	70	60	107/122	30
loop light.la	70	60	107/122	36
loop kidz.l	70	60	107/122	35
loop kidz.a	70	60	107/122	31
loop kidz.la	70	60	107/122	36

Fótstigsradius

MOTOmed-gerð	Fótstigsradius (í cm)	
	Fótaþjálfari	Þjálfari handleggja/efri líkama
allar gerðir	7/12,5	10

Snúningshraðasvið

MOTOmed-gerð	Snúningshraðasvið (í snún./mín. hlutlaus/virk)	
	Fótaþjálfari	Þjálfari handleggja/efri líkama
allar loop-gerðir	0-60/5-120	0-60/5-120
allar loop light-gerðir	0-60/5-120	0-60/5-120
allar loop kidz-gerðir	0-60/5-120	0-60/5-120
allar loop p-gerðir	0-90/5-120	0-90/5-120

Stillanlegt snúningsvægi

MOTOmed-gerð	Hámarks snúningsvægi (í Nm)	
	Fótþjálfari	Þjálfari handleggja /efri líkama
allar loop-gerðir	1–13	1–6
allar loop light-gerðir	1–13	1–6
allar loop kidz-gerðir	1–13	1–6
allar loop p-gerðir	1–10	1–6

Stillingarsvið krampastefnubreytinga

MOTOmed-gerð	Stillingarsvið		
	næmt	venjulegt	ónæmt
allar gerðir	eftir u.þ.b. 0,3 sek. blokkun (fótleggir og handleggir)	eftir u.þ.b. 0,6 sek. blokkun (fótleggir og handleggir)	eftir u.þ.b. 1,8 sek. blokkun (fótleggir) eftir u.þ.b. 2,4 sek. blokkun (handleggir)

Eftirfarandi upplýsingar gilda fyrir öll vöruafbrigði:

Raforkugildi (afhendingarspenna, afhendingartíðni)

100–240V~/hám. 120VA
47–63 Hz

Aftenging við öll skaut MOTOmed-tækisins er gerð með því að taka rafmagnssnúruna úr sambandi.

Rafmagnsnotkun

í reiðuham < 1 W

Umhverfisskilyrði fyrir notkun

Hiti	+ 5° C til + 40° C
Raki	15% til 90% rakastig, óþéttandi, en án nauðsynlegs vatnsgufuhlutþrýstings sem er hærri en 50 hPa
Loftþrýstingur	> 783,8 hPa til 1060 hPa
Notkunarhæð	< 2000 m yfir sjávarmáli

Umhverfisskilyrði fyrir geymslu og flutning

Hiti	- 25° C til + 70° C
Raki	rakastig allt að 90%, óþéttandi frá + 5° C til + 35° C vatnsgufuhlutþrýstingur allt að 50 hPa frá > +35° C til + 70° C
Loftþrýstingur	engar upplýsingar

Verndarstig IP21

Flokkun Verndarflokkur II, gerð BF

Flokkun í samræmi við reglugerð um almenn lækningatæki (MDD)
II a

Flokkun í samræmi við reglugerð um lækningatæki (MDR)
(SOR/98-282) II

NBOG kóði 1108 virk endurhæfingartæki

FDA-vörukóði BXB - exerciser powered

Hámarks leyfileg notandaþyngd 135 kg

Ráðlögð hæð 140–200 cm

Notuð efni (í samræmi við RoHS-reglugerðina)

Stál (lakkað, galvanhúðað, krómað,
Plasthúðað með pólývínýlklóríði)

Ál

Plastefni: PA6.6, PC-ABS

Skýringartexti - almennur



Varist að setja fingurna á milli húss og fetilsveifa á meðan þær snúast.



Tæki í verndarflokki II



Notkunarlutir af gerðinni BF

Notkunarlutir eru hlutir sem, við rétta notkun tækisins, koma í snertinu við notandann og þurfa þar af leiðandi að uppfylla sérstök öryggiskilyrði.

Eftirfarandi notkunarluti (gerð BF) er hægt að setja upp á MOTOmed-tækinu og þá verður að yfirfara reglulega:

- stjórnborð
- handföng
- fótstig
- fótleggjabeinir með kálfahvílu

IP21

MOTOmed-tækið er í samræmi við IP21 verndarstigið:

Varið gegn gegnumstungu harðra aðskotahluta og lóðrétt rennslis vökva.



Fylgið leiðbeiningunum fyrir notkun.



MOTOmed-tækið er í samræmi við tilskipun um lækningartæki 93/42/EWG.



Framleiðsluár sem MOTOmed-tækið var framleitt (t.d. 2017).



Sýnir framleiðanda lækningartækisins

hámarks þyngd
40 kg

Þyngd ásamt öruggri vinnuþyngd í kílógrömmum



Athugið eftirfarandi förgun í samræmi við reglugerð ESB um rafrænan úrgang (WEEE).-nr. DE 53019630.



Raðnúmer tækisins



Ekki má ýta á MOTOmed til hliðar, halla sér að því eða renna til.



Ekki má standa á MOTOmed eða þjálfa á því standandi

Áætlaður endingartími

Áætlaðan endingartíma er ekki hægt að tilgreina nákvæmlega fyrirfram því hann ákvarðast af notkunarumhverfi, notkunartíðni og tegund notkunar.

Áætlaður endingartími á þar af leiðandi við það tímabil sem tækinu er ætlað að vera í reiðuham eftir upphaflega gangsetningu. Þessi endingartími einskorðast við 10 ár svo framarlega að tæknilegar upplýsingar tækisafbrigðisins og fylgihlutanna veiti ekki aðrar upplýsingar.

Ábyrgð

Í samræmi við lögbundin ákvæði tekur fyrirtækið RECK-Technik GmbH & Co. KG ábyrgð á efnis- og framleiðslugöllum.

I. Innifalið í ábyrgð

Á ábyrgðartímabilinu skuldbindur fyrirtækið RECK sig að skipta um gallaða íhluti MOTOMed-tækisins endurgjaldslaust eða láta gera við MOTOMed-tækið í verksmiðju fyrirtækisins eða á verkstæði sem fyrirtækið RECK hefur viðurkennt ef:

1. ekki er um að ræða slithluti (t.d. franskan rennilás, „expander“).
2. fyrri standsetningar (viðhald, skoðun, viðgerðir) hafa verið framkvæmdar á réttan hátt af viðurkenndum RECK-þjónustuaðilum eða fyrirtækinu RECK.
3. engir hlutar þriðja aðila hafa verið settir upp á MOTOMed-tækinu.
4. MOTOMed-tækið hefur verið notað í samræmi við notkunarleiðbeiningar og hefur ekki verið notað í öðrum tilgangi en þeim sem framleiðandi tilgreinir um eða tækið hefur verið notað á óviðeigandi hátt.
5. enginn skaði gerður af illum hug er fyrir hendi.
6. ábyrgðarkrafan hefur verið lögð fram innan ábyrgðartímabilsins og sönnun fyrir kaupum hefur verið útveguð með kvittun.
7. MOTOMed-tækið var keypt af og sent frá fyrirtækinu RECK eða viðurkenndum söluaðila.

II. Takmörkun ábyrgðar

Ábyrgðarkröfu er eingöngu hægt að leggja fram til sölu-/dreifingaraðilans sem MOTOMed-tækið var keypt af.


Vinsamlegast hafðu samband við sölu-/dreifingaraðilann þinn ef þörf er á þjónustu. Ef tækið var keypt af þriðja aðila (t.d. einkaaðila) fellur þessi krafa úr gildi.

III. Annað

Að beiðni fyrirtækisins RECK skal senda hluti sem búa yfir framleiðslu-
eða efnisgalla aftur til þeirra eftir að búið er að skipta þeim út. Hlutir
sem skipt hefur verið út verða eign RECK-Technik GmbH & Co. KG.
Sending varahluta á grundvelli ábyrgðarkröfu lengir ekki upprunalega
ábyrgðartímabilið.

Þjónusta

Ef þú hefur einhverjar spurningar geturðu ávallt leitað til okkar. Vinsamlegast hafðu samband – við munum taka vel á móti spurningum þínum og ábendingum. Við getum einnig haft samband við þig. Vinsamlegast gefðu okkur ávallt upp númer (SN) tækisins. Númerið er að finna á gerðarmerkinu á stóra tækisstandi MOTOmed-tækisins.



mynd 11.1

Þjónustuaðilaupplýsingar fyrir Þýskaland

Sími 07374 18-84
Fax 07374 18-80
Netfang service@MOTOmed.com

eða hringdu gjaldfrjálst í okkur í síma 0800 6 68 66 33

Þjónustuaðilaupplýsingar fyrir útlönd

Sími +49 7374 18-85
Fax +49 7374 18-480
Netfang service@MOTOmed.com

- 72 **Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulgeislun**
- 73 **Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulónæmi**
- 75 **Ráðlagðar öryggisfjarlægðir**

Framleiðandinn lýsir yfir að rafmagnssnúra MOTOMed-tækisins sé í samræmi við kröfur EN 60601-1-2:2016-05 reglugerðarinnar.

Notkun annarra fylgihluta eða snúra en þeirra sem framleiðandi þessa tækis hefur tilgreint eða útvegað getur leitt til aukinna rafsegultruflanasendinga eða minnkaðs rafsegulónæmi tækisins og leitt til tæknilegra bilana.

Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulgeislun


MOTOMed-tækið er ætlað til notkunar í rafsegulsumhverfi sem lýst er hér fyrir neðan. Viðskiptavinurinn eða notandi MOTOMed-tækisins skal ganga úr skugga um að tækið sé notað í slíku umhverfi.

Truflanaeislunarmælingar	Samræmi	Rafsegulsumhverfi – leiðbeiningar
Hátíðnigeislun í samræmi við CISPR 11	Hópur 1	MOTOMed-tækið notar hátíðniafl eingöngu fyrir innri virkni þess. Þar af leiðandi er hátíðnigeislun þess mjög lág og ólíklegt er að nærliggjandi raftæki verði fyrir truflun frá þeim.
Hátíðnigeislun í samræmi við CISPR 11	Flokkur B	MOTOMed-tækið er hannað til notkunar í öllum stofnunum og heimilum sem hafa beinan aðgang að almennri rafmagnsveitu sem einnig veitir íbúðarhúsnæðum rafmagn.
Yfirsveiflugeislun samkvæmt IEC 61000-3-2	Flokkur A	
Geislun spennusveiflu / flökts samkvæmt IEC 61000-3-3	Samræmist	

Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulónæmi

MOTOmed-tækið er ætlað til notkunar í rafsegulsumhverfi sem lýst er hér fyrir neðan. Viðskiptavinurinn eða notandi MOTOmed-tækisins skal ganga úr skugga um að tækið sé notað í slíku umhverfi.

Ónæmisprófanir	IEC 60601-prófunarstig	Rafsegulsumhverfi – leiðbeiningar
Rafstöðuafhleðsla (ESD) í samræmi við IEC 61000-4-2	± 8 kV snertihleðsla ± 15 kV lofthleðsla	Gólf ættu að vera gerð úr viði, steypu eða lögð keramikflisum. Ef gólfíð er gert úr gerviefni verður loftraki að vera minnst 30%.
Skammvinnar raftruflanir í samræmi við IEC 61000-4-4	± 2 kV 100 kHz endurtekningartíðni	Gæði rafspennunnar ætti að vera viðeigandi fyrir atvinnu- eða spítalaumhverfi.
Yfirspenna í samræmi við IEC 61000-4-5	± 0,5 kV, ± 1 kV Samhverf yfirspenna	Gæði rafspennunnar ætti að vera viðeigandi fyrir atvinnu- eða spítalaumhverfi.
Spennufall, skammtímatruflanir og sveiflur afhendingarspennunar í samræmi við IEC 61000-4-11	0% UT; ½ lota við 0, 45, 90, 135, 180, 225, 270 og 315 gráður 0% UT; 1 lota Einfasa: við 0 gráður 70% UT; 25/30 lotur Einfasa: við 0 gráður 0% UT; 250/300 lotur	Gæði rafspennunnar ætti að vera viðeigandi fyrir atvinnu- eða spítalaumhverfi. Ef notandi MOTOmed-tækisins krefst stöðugrar notkunar, jafnvel í tilviki rafspennutruflana aflgjafa, er mælt með notkun truflunarlaus aflgjafa eða rafhlöðu.
Segulsvið við afhendingartíðni (50/60 Hz) í samræmi við IEC 61000-4-8	30 A/m	Segulsvið við afhendingartíðni ætti að vera af því tagi sem er að finna í atvinnu- og spítalaumhverfi.
Athugasemd: UT er rafveituspennan áður en prófunarstig hefst.		

Ónæmisprófanir	IEC 60601–prófunarstig	Rafsegulsumhverfi – leiðbeiningar
<p>Leiddar hátíðnitruflanir í samræmi við IEC 61000-4-6</p> <p>Geislaðar hátíðnitruflanir í samræmi við IEC 61000-4-3</p>	<p>$3V_{\text{eff}}$ 0,15 MHz til 80 MHz</p> <p>$6V_{\text{eff}}$ í ISM-tíðniþöndum og áhugamannaútlarstíðniþöndum á milli 0,15 MHz og 80 MHz 80% AM við 1 kHz</p> <p>10V/m 80 MHz til 2,7 GHz 80% AM</p>	<p>Forðast skal að nota þetta tæki beint við hlið annarra tækja því það gæti leitt þess að tækið starfi ekki rétt. Ef notkun, eins og sú sem lýst er hér að ofan er samt sem áður nauðsynleg skal fylgjast með þessu tæki og öðrum tækjum til að ganga úr skugga um að þau starfi rétt.</p> <p>Sviðsstyrkur staðbundinna útlarssenda í samræmi við staðbundna könnun^a ætti að vera lægri en prófunarstigjó á öllum tíðnum.</p> <p>Í umhverfi tækja sem hafa eftirfarandi merkingar eru truflanir mögulegar. </p>
<p>Athugasemd: Þessar viðmiðunarreglur gætu ekki átt við í sumum tilfellum. Gleypni og endurkast frá byggingum, hlutum og fólki gæti haft áhrif á útbreiðslu rafsegultruflanna.</p>		
<p>a) Sviðsstyrk staðbundinna snda, eins og t.d. móðustöðva þráðlausra síma og jarðlægra útlarstækja, áhugamannaútlarstöðva, AM- og FM-útlarst- og sjónvarpsstöðva er fræðilegaséð ekki hægt að ákvarða. Til að ákvarða rafsegulsvið með tilliti til staðbundinna snda skal íhuga að framkvæma staðbundna skoðun. Ef mældur sviðsstyrkur á staðnum þar sem MOTÓmed-tækið er notað fer yfir ofargreindar kröfur skal ganga úr skugga um að MOTÓmed-tækið starfi á réttan hátt. Ef óvenjulegra eiginleika verður vart gæti verið þörf á frekari ráðstöfunum eins og t.d. breytingu á stefnu eða staðsetningu MOTÓmed-tækisins.</p>		

Ráðlagðar öryggisfjarlægðir milli hreyfanlegra hátíðni- fjarskiptatækja og MOTomed-tækisins.

MOTomed-tækið er ætlað til notkunar í rafsegulumhverfi þar sem fylgst er með hátíðnitruflunum.

Hreyfanlegan hátíðnifjarskiptabúnað (þ.á.m. útvarpstæki (þar með talin aukabúnaður eins og loftnetstengi og ytra loftnet) ætti ekki að nota í meira en 30 cm (eða 12 tommu) fjarlægð frá íhlutum og tengjum MOTomed-tækisins sem framleiðandinn tilgreinir. Ef þessar leiðbeiningar eru hunsaðar gæti það dregið úr virkni tækisins.

Efnisskrá

p

þjálfunarundirbúningur 32
þjálfun handleggja /efri líkama 13
þjónusta 69
þyngd 61
þyngdartakmörk 63

A

ábendingar 9
ábyrgðir 67
aflnotkun 62
Alvarlegt atvik 10
aukaverkanir 10

B

bilanagreining 56

C

CE-tákn 65

E

eltihjól til flutnings 26
endurnotkun 60
endurvinnsla 60

F

flokkun 63
flutningur 26
Fótahraðfesting „QuickFix“ 51
fótaþjálfun 43
Fötleggjabeinir með
kálfastuðningi 50
fótstigsradius 61
frábendingar 9

framhandleggshvílur 53
framleiðsluár 65
frjáls þjálfun 34
fylgihlutir 47
fyrsta notkun 11

G

gangsetning 27

H

hakahandfang 53
hreinsun 59
hreyfivörn 45

I

inngangur 1

K

krampalosun 45
krampastefnubreyting 62

L

lækningavöruflokkur 63
lóðrétt stilling 33

M

markmið þjálfunar 8

N

nákvæm stilling fótstigsradius 48
notandaþyngd 63
númer tækis 69

Efnisskrá

O

öryggisfjarlægðir 75

öryggisfótstig 48

Q

„QuickFix“ 51

R

rafmagnssnúra 27

raforkugildi 62

rafsegulgeislun 72

rafsegulónæmi 73

reiðuhumur 27

reiðuhumur/notkunarhamur 27

riftunarákvæði 8

S

sjónræn skoðun 19

snúningshraðasvið 61

sóttþreinsun 59

stærðir 61

stjórnborð 32

T

tæknilegar upplýsingar 61

táknskýringar 64

tengiliður 69

Tetra handföng 52

U

úlnliðsbönd 52

umhverfisskilyrði 63

undirbúningur 32

V

varúðarráðstafanir 11

vélarhraði 41

verndarstig 63

viðhald 60

viðnám 41

viðurkennd notkun 7

virk/hlutlaus þjálfun 40

MOTOmed®

hreyfðu þig á annan hátt

Gildir frá framleiðsluárinu 2018 – útgáfa frá desember 2018

100.019.326 is 20231207

Við áskiljum okkur rétt til að gera tæknilegar breytingar á grundvelli framfara.

Fjölföldun, að hluta til eða í heild sinni, er einungis leyfð með skriflegu leyfi frá fyrirtækinu RECK.

RECK-Technik GmbH & Co. KG

Reckstraße 1–5, 88422 Betzenweiler, ÞÝSKALANDI

Sími +49 7374 18-84, Fax +49 7374 18-80

info@MOTOmed.com, www.MOTOmed.com

